

**SKAGAFJARÐARSÝSLU:**

*Eyhildarholt III*, nýbýli úr landi Eyhildarholts, Rípurhreppi.  
*Héraðsdalur II*, nýbýli úr landi Héraðsdals, Lýtingsstaðahreppi.  
*Hávík*, þjónustubýli úr landi Víkur, Staðahreppi.

**RANGÁRVALLASÝSLU:**

*Melur II*, garðyrkjubýli, úr landi Mels, Djúpárhreppi.

*Menntamálaráðuneytið, 11. desember 1992.*

F. h. r.

**Árni Gunnarsson.**

*Pórunn J. Hafstein.*

**GJALDSKRÁ**

**vegna hundahalds á Hellu 1993.**

**1. gr.**

Gjald fyrir að halda hund sbr. b-lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1993 vera kr. 6 000 og er ábyrgðartrygging innifalin. Gjald dagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar ár hvert.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeiganda leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

**2. gr.**

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rángárvallahrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 með síðari breytingum og öðlist gildi 1. janúar 1993.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. desember 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Sólveig Guðmundsdóttir.*